

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Samráðsgátt, mál nr. S-14/2026

Reykjavík, 9. febrúar 2026

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um drög að frumvarpi um stofnun innviðafélags

Landssamtök lífeyrissjóða (LL) vísa til erindis fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 23. janúar sl., þar sem LL var boðið að taka þátt í samráði um mál nr. 14/2026, *Frumvarp um stofnun innviðafélags*.

Eins og LL bentu á í umsögn við áformaskjal ráðuneytisins um sama efni, dags. 22. desember sl., kann stofnun innviðafélags að skapa traustan farveg sem liðkað getur fyrir fjárfestingum lífeyrissjóða og annarra stofnanafjárfesta í innviðaverkefnum.

Eðli máls samkvæmt er forsenda fjárfestinga lífeyrissjóða ávallt sú að fjárfestingin samræmist hagsmunum sjóðfélaga, og ber lífeyrissjóðum lögum samkvæmt meðal annars að horfa til væntrar arðsemi og áhættu.

Mikilvægt er að verkefni séu sett upp með þeim hætti að unnt sé að taka afstöðu til þátttöku í hverju og einu þeirra. Óheppilegt er að safna mörgum verkefnum saman í eitt eignarhaldsfélag, enda kunna ólíkar skoðanir að vera uppi um hvaða verkefni eru arðbær og hver ekki. Í ljósi þess að svo virðist sem innviðafélagið eigi einnig að taka að sér óarðbær verkefni (sbr. bls. 10 í greinargerð) telja LL það raunar óhjákvæmilegt að setja þurfi hverja framkvæmd í sérstakt félag, sbr. til hliðsjónar 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Tryggja þarf sjálfstæði slíks dótturfélags og heimildir til t.d. lántöku og gjaldheimtu af notkun samgöngumannvirkja.

Þessu tengt benda LL á að fjalla mætti um arðsemismarkmið innviðafélagsins í lögum. Telja LL að slík umfjöllun, þar sem tekið væri tillit til sjónarmiða á borð við áhættu, eðli fjárfestingar, vaxtataækifæra og líftíma, kunni að vera til þess fallin að auka áhuga stofnanafjárfesta á þátttöku í verkefnum félagsins. Hér mætti til dæmis hafa hliðsjón af reglugerð nr. 192/2016, mat á vegnum fjármagnskostnaði sem viðmið um leyfða arðsemi við ákvörðun tekjumarka sérleyfisfyrirtækja í flutningi og dreifingu á raforku, eða sjónarmiða sem fram koma í eigendastefnu ríkisins frá september 2021. Skýr arðsemismarkmið væru sérlega mikilvæg fyrir mögulega fjárfesta að minnihluta hlutafjár í félaginu, sbr. 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins er ráðherra veitt heimild til að færa yfir til félagsins eignarhald á þegar byggðum samgöngumannvirkjum sem tilheyra ríkinu í formi hlutafjár. LL leyfa sér

að benda á nauðsyn þess að við þá yfirfærslu séu eignirnar metnar út frá arðsemiskröfu félagsins.

Vegna tilvísunar í 3. gr. frumvarpsins til þess að eitt af hlutverkum félagsins sé að tryggja „fjárhagslega sjálfbærni“ vilja LL koma því á framfæri að hugtakið „sjálfbærni“ kann að valda misskilningi. Betur færi á því að tala um „langtíma rekstrarhæfi með ásættanlegri arðsemi“ í þessu sambandi.

Þá benda LL á að fjárfesting í óskráðum fjármálagerningi innviðafélags, sem ekki er með ábyrgð ríkisins, fellur að óbreyttu í eignaflokk F skv. 6. tölulið 2. mgr. 36. gr. a í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Magnbundnar takmarkanir í 3. tölul. 1. mgr. 36. gr. b í sömu lögum setja þessum eignaflokki sérlega þröngar skorður og er því þörf á að endurskoða þessar takmarkanir eigi fyrirhuguð lög um innviðafélag að ná markmiðum sínum. Vakin er athygli á því að í þingmálaskrá er boðað að í mars næstkomandi verði lagt fram frumvarp til breytinga á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu kemur til greina að félagið taki lán á almennum markaði með ríkisábyrgð. LL leggja áherslu á að verði af útgáfu slíks skuldabréfs er mikilvægt fyrir trúverðugleika og traust að skilmálar ríkisábyrgðarinnar séu skýrir frá upphafi. Draga verður lærdóm af máli ÍL-sjóðs.

Loks ítreka LL það sem nefnt hefur verið í fyrri umsögnum, að einnig sé mikilvægt að horfa til aðkomu fjárfesta að öðrum innviðum en samgöngumannvirkjum.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri